

Skilningsleysi eða er það áhugaleysi?

Kaupmannahöfn, 29. júní 1984

Sólin skein glatt á okkur íslendingana sunnudaginn 17. júní, Þjóðhátíðardaginn okkar, þar sem við vorum mætt á túninu við Statens Museum for Kunst kl. tvö, til að halda upp á 40 ára afmæli/Lýðveldisins. Séra Ágúst Sigurðsson hélt hátíðarræðu, og svo kom fjallkonan, sem var frú Ásta Karlsdóttir, fram og var hún mjög glæsileg í íslenska búningnum. Þarna var sá mesti fjöldi íslendinga, sem ég hef séð saman kominn hér í Kaupmannahöfn. Var ferðafólk frá Noregi, Svíþjóð, en flest frá Íslandi, hér komið til að halda upp á daginn með okkur, sem búsett eru hérna. Þarna stóð smáhópur ungs fólks afsíðis, með áletraða borða, og var það að sýna fram á óánægju sína með námslánin í ár. Þarna var einnig staddur á ferð annar smáhópur, og skein gleði og ánægja út úr hverju andliti. Var það hópur proskaheftra og fjölfatlaðra frá Íslandi, vistmenn og starfsfólk frá Sólheimum í Grímsesi. Ég hafði lesið í vetnnur í íslensku blöðunum að hópur vistmanna á Sólheimum hefði með aðstoð starfsfólks og fleiri æft leikþætti og meðal annars væri ráðgerð ferð til Norðurlandanna að sumri, og var kökubasar og margt fleira til að hafa eitthvað upp í kostnað. Ég gaf mig á tal við fólk, hvort það væri leikhópurinn, sem ætti að sýna en það var ekki, þau voru stödd annarsstaðar við æfingu og hvíld fyrir kvöldið, því það átti að sýna leikþætti um kvöldið. Það gat ekki sagt mér hvenær eða hvar. Svo var haldið í Jónshús, og það fyrsta, sem ég rak augun í var auglýsing frá Leikfélagi Sólheima: Sýnir Lífmyndir á Øresundskollegíinu kl. 20.30. Mér fannst þetta alveg stórkostlegt, allt námsfólkið og íslendingarnir, sem eru um 200 talsins, sem búa þarna í íbúðunum á Øresundskollegíinu, og við, sem vorum stödd hér í Jónshúsi, og allt blaðafólkið, sem var statt hér úti og inni, og ég hugsadi með mér: Þessi salur, þó stór sé, rúmar ekki allan pennan fjölda sem kemur, því allir sáu þessar stóru auglýsingar við dyrnar; nú verður að mæta nógu snemma! Um kvöldið lögðum við fjögur af stað, þekktum ekki nógu vel aðstæður og var klukkan orðin 9, þegar við komum á leiðarenda. Sat þar kona við borð og báðum við afsökunar hvað við vorum sein, en hún sagði, að sýningin væri rétt af byrja; og vissi


ég ekki þá að henni átti að aflýsa, en var hætt við á síðustu stundu. Í myrkrinu var okkur vísað til sætis. Hef ég séð margar sýningar um æfina, en af þessari hef ég hrifist mest, og var alveg stórkostlegt hvað sýnendur skiluðu vel sínum hlutverkum, og höfðu margir af okkar þekkta leikfólki getað lært margt af þessari sýningu; og ég tala nú ekki um okkur hin, sem ekkert hafa fengist við leiklist. Lífmyndir var tjáningarform *frá líf til dauða*.

Áfallið kom þegar sýningin var búin og ljósin voru kveikt, því salurkkinn var galtómur, ekkert fólk, 30 manneskjur!; nei, ekki aldeilis, af þeim 30 sem voru þarna, voru 12 manns aðstoðarfólk. Gátum við, sem voru þarna, litið framan í þetta blessað fólk, sem var búðið að leggja á sig allt þetta erfiði í langan tíma, fyrst strangar æfingar á Íslandi, síðan langa sjóferð með skipi, og margar æfingar þess á milli, og fer mér seint úr minni er ein af stúlkunum kom til mín og sagði: »Okkur var sagt að það byggju svo margir íslendingar í útlandinu. Búa þeir allir í sveitinni langt í burtu?« Þá gat maður roðnað fyrir hönd íslendinga í útlandinu. Því sakleysið og birtan skein úr öllum þessum björtu augnum. Daginn eftir átti að halda til Árhús og þaðan til Færeyja, og vona ég að þau hafi mætt þar meiri skilningi og gestrisni.

Nú veit ég ekki hver það var, sem átti að kynna þetta ferðalag proskaheftra og fjölfatlaðra hér í Kaupmannahöfn, því marga hef ég talað við, sem ekkert um það vissu, en margt af blaðafólki frá Íslandi og héðan var statt hér pennan dag og hef ég séð margar greinar frá Kaupmannahöfn í íslensku blöðunum, en enginn hafði vilja né tíma til að sinna þessu fólki, svo það hefði glaðst við heimkomuna við að sjá greinar um sig í blöðunum og sjá að ferðin var ekki farin til einskis. Hví brugðust svona margir þessu fólki og hvernig er hægt að bæta fyrir það? Ég vona að þið komið með tillögu.

En samt voru þetta kvöld mættir fulltrúar fyrir ykkur öll, sem muna eftir lítilmagnanum, og vissi ég að þau voru stolt af litla leikhópnum íslenska eins og við eigum öll að vera. En það voru síra Ágúst Sigurðsson og fjölskylda.

Halldóra Þórðardóttir



Fréttir að heiman

Þá er loks komið að því, að þið fáið aftur fréttir frá ástkæra ylhýra landinu. Það er náttúrulega mjög misjafnt hvers konar fréttum menn þyrstir helst eftir. Við, sem erum alltaf með annan fótinn á Íslandi, viljum t.d. fá að vita hvort Steingrímur hafi gengið sér nýjan bíl nýlega eða hvað yfirlýsingar Albert hafi gefið í gær, en þeir, sem ekki hafa verið á Íslandi lengi, hafa mestan áhuga á langtíma-þróun. Kunningi minn, sem ekki hefur farið heim í 4 ár, spyr mig t.d. alltaf hvernig smíði Hallgrímskirkju gangi. Það er bezt, að ég byrji á að segja frá henni.

Í haust var búið að setja sperrur á kirkju-skipið og nú er aðeins eftir að klæða þakið með kopar til þess að kirkjan verði fullbúin að utan. Ætlunin er, að ljúka smíðinni á 200 ára afmæli Reykjavíkurkaupstaðar, árið 1986. Í Kringlumýri er nú byrjað á fullum krafti á að koma upp »nýjum miðbæ«. Stórhýsi verzlunarinnar var lengi eina húsið á svæðinu, en nú er Borgarleikhúsið að verða fokhelt. Þarna er líka verið að smíða nýjan Verzlunarskóla, nýtt Morgunblaðshús og nýtt Borgarbókasafn. Auk þess ætla Hagkaup að hafa þarna 17.000 fermetra búð. Við Elliðaðaár og Grafarvog er verið að byggja ný íbúahverfi. Á Melavellinum er búið að reisa þjóðarbókhöfðu, en hún verður víst ekki tilbúin alveg á næstunni. Norðan í Arnarhól í »gamla miðbænum« er komið nýtt Seðlabankahús. Er það mikil og glæsileg bygging. Hún hefur verið talsvert umdeild og einhverjir þingmenn Bandalags jafnaðarmanna hafa bent á, að einu sinni hafi Seðlabankinn komið fyrir í einu hornherbergi í Landsbankanum. Bandalagi jafnaðarmanna ráða þróunismenn, sem vilja hverfa aftur til þeirra tíma þegar Hagtölur mánaðarins komu ekki út. Fjalakötturinn er annað umdeilt hús í miðborg Reykjavíkur. Það hefur verið ónothæft í mörg ár, en eigandinn hefur þurft að greiða af því há fasteignagjöld. Hann hefur

náttúrulega verið mjög óánægður með þetta. Fyrir nokkru voru stofnuð samtök manna, sem vildu gera Fjalaköttinn upp og koma honum í sama horf og þegar þarna var fyrsta bíó í Reykjavík. Eigandinn vildi hins vegar helst hafa allt sem líkast því sem var áður en húsið var reist. Í vor veittu borgaryfirvöld leyfi til þess að rífa húsið og var byrjað á því í lok júlí. Þarna eiga fyrst um sinn að vera bílastæði. — Ég læt þetta nægja um ný og gömul hús í Reykjavík.

Síðustu misseri hafa svonefndar bjórlikskrár sprottið upp eins og gorkúlur í Reykjavík. Þar geta menn fengið að drekka bjór blandaðan sterkum drykkjum. Sums staðar líkist blandan alvörubjór ótrúlega, en ekki er hún alls staðar jafnstærk. Í vetur ók maður nokkur heim eina nóttina eftir að hafa setið lengi að sumbli á Gauk á Stöng. Lögreglan tók hann á leiðinni og lét taka úr honum blóðprufu. Lítið sem ekkert áfengi mældist í blóðinu. Maðurinn er víst farinn í mál við Gaukinn. Sumir segja að bjórliksstaðirnir séu skref í átt til þess að bjór verði leyfður á Íslandi. Vonandi fylgir honum þá ekki hin sífellda drykkja, sem virðist loða við bjór hér í Danmörku.

Að öðru leyti gengur lífið í höfuðborginni að mestu sinn vanagang. Þegar gengið er um helztu verzlunargöturnar sést að tízkuverzlarnir, heimilistækjaverzlarnir og myndbandaleigur blómstra þótt við lifum á erfiðum tímum. Margar nýjar verzlarnir heita erlendum eða hálferlendum nöfnum eins og sést til dæmis á þessum lista yfir tízkuverzlarnir úr símaskránni. Fyrir nokkrum árum voru sett lög til þess að koma í veg fyrir þetta, en það virðist því miður ekki hafa dugað til.

EFNAHAGSMÁL-VERÐBÓLGGA OG KJARASAMNINGAR

Verðbólgan hefur áfram farið hjaðnandi á

árinu og í sumar komst ársverðbólgan niður í um 20 %, en hún hafði stefnt yfir 100 % í fyrravor. Á sama tíma hefur tekizt að halda atvinnuleysi niðri við 1 %. Hófsamlegir kjarasamningar í vetur réðu miklu um að þessi árangur náðist. Í kjarasamningunum var gert ráð fyrir að kaupmáttur síðasta ársfjórðungs 1984 héldist út þetta ár. Þriggja prósentkauphækkun 1. september átti að tryggja kaupmáttinn, en stéttarfélög máttu segja launaliðum samninganna upp fyrsta sept., sæju þau fram á að það nægði ekki. Í sumar sagði Ásmundur Stefánsson, forseti A.S.Í, að sennlegra þyrfti 7 % hækkun til þess að ná markinu. Skömmu síðar ákvað A.S.Í. að hafa ekki samflot í kjarasamningum í haust. Verkamannasambandið krafðist 14 þúsund króna lágmarkslauna og B.S.R.B. 30 % kauphækkunar. Flest stéttarfélög hafa sagt upp launaliðum kjarasamninga sinna. Bókagerðarmenn hafa verið í verkfalli síðan 11. sept. Búið er við að Verkamannasambandið beiti fyrst um sinn skæruverkföllum. Í viðtali við veggblað Dagblaðsins 17. sept. segir Guðmundur J. Guðmundsson að hans menn muni nota hreyfiherað og það verði engar beinar víglínur. Segist Guðmundur í þessu ætla að hafa hliðsjón af reynslunni frá Vietnam og Afganistan. Fjórtaða september lagði sáttanefnd í kjaradeilu félaga B.S.R.B. fram tillögu um 6 % launahækkun. Fundur Starfsmannafélags Reykjavíkur og Stjórn starfsmannafélags ríkisstofnana hafa lagt til að tillagan verði felld. Þorsteinn Pálsson, formaður Sjálfstæðisflokksins sagði að yrði fallizt á tillöguna þýddi það annaðhvort tafarlausa gengisfellinguna eða atvinnuleysi. Verði ekki fallizt á sáttatillöguna hefst B.S.R.B.-verkfall 4. október.

— ERFIDLEIKAR Í ÚTGERÐ og FISKVINNSLU.

Í lok júlí lögðu flestar útgerðir á Austurlandi togurum sínum til þess að vekja athygli á vanda sjávarútvegsins. Nokkru síðar ákvað ríkisstjórnin aðgerðir til hjálpar. Formælandi Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna sagði að þetta bætti stöðuna um 2 %, en tap útgerðar og fiskvinnslu væri nú um 17 %. Nítjándi september var 200 manns sagt upp í fiskvinnslufyrirtækjum í Vestmannaeyjum.

— NÝJUNGAR Í EFNAHAGSSTEFNUNNI

Nú í sumar var ákveðið að gefa vexti að mestu frjálsa. Við þetta hækkðu vextir nokkuð. Útlán hafa aukizt mikið á árinu, þrátt fyrir háa raunvexti og sjöunda september ákváðu viðskiptabankar að hætta svo til öllum lánum.

Þinga 19b	2 54 83
Tinna hf. fataframleiðsla Auðbrekku 34	4 50 50
Tiskublaðið Líf Armúla 18	8 23 09
Tiskublaðið Líf Armúla 18	3 16 61
Tiskuverzlunin Adam Laugavegi 47	1 75 75
Tiskuverzlunin Assi Laugavegi 118	2 89 80
Tiskuverzlunin Bazar Hafnarstr. 15	1 95 66
Tiskuverzlunin Blóndi Laugavegi 54	1 12 32
Tiskuverzlunin Can-Can Hamrabrg 6	4 37 11
Tiskuverzlunin Dóó Hverfisg 39	1 30 69
Tiskuverzlunin Elfe Skólavörðustíg 42	1 15 06
Tiskuverzlunin Gó Gó	1 44 79
Tiskuverzlunin Guðrún sí Rauðarárst 1	1 50 77
Tiskuverzlunin Moons	
Þingholtsstræti 1	2 30 30
Tiskuverzlunin Rita Eddufelli 2	7 17 38
Tiskuverzlunin Sonja Laugavegi 81	2 44 44

Tiskuverzlanir í Reykjavík (Úr símaskráni 1983).

Formenn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks komu sér nýlega saman um nýjan verkefnalista ríkisstjórnarinnar. Í nýja verkefnalistanum er gert ráð fyrir 5 % launa — hækkunum á næsta ári. Gengið á ekki að falla meira en 5 % (Það hefur verið nokkuð stöðugt upp á síðkastið). Ríkisbönkum á að fækka og auka frelsi í gjaldeyrismálum. Stofna á nýja og öfluga byggðastofnun, hætta útflutningi landbúnaðarafurða, stuðla að nýsköpun í atvinnulífi og fleira í þeim dúr. Merkasta nýjungin er sú, að nú á að fella niður tekjuskatt af »almennum launatekjum«. Með almennum launatekjum er átt við 21-22.000 ísl. króna mánaðarlaun, eða rúmleg 250.000 krónur á ári. (Það eru eittthvað yfir 80.000 d.króna árstekjur.) Þetta á að gera í þremur áföngum og verða fyrstu skattalækkarnir á næsta ári. Í staðinn á að hækka »neyzluskatta«. Í haust á að leggja fram frumvarp um virðisaukaskatt (sama og MOMS í Danmörku).

FLOKKUR MANNSINS

Í byrjun júlí afhentu forystumenn Samhyggðar Steingrími Hermannssyni forsætisráðherra áskorun þar sem atvinnuleysi er mótmælt. Stór hluti íslensku þjóðarinnar ljáði þessu baráttumáli nafn sitt, eða 40.056 karlar og konur.

Nokkru síðar tilkynnti Samhyggð stofnun nýs stjórnmalaflokks, sem ber nafnið Flokkur mannsins. Aðalstefnumiðið er að útrýma böli af jörðinni og eru einkunnarorðin: Gerum jörðina mennska. Viðbrögð hinna flokkanna voru misjöfn. Þorsteinn Pálsson formaður Sjálfstæðisflokksins og Steingrímur Hermannsson formaður Framsóknarflokksins töldu að þessi ný flokkur gæti fengið eitt-hvert fylgi. Kvennalistakona sagði að hér væri kominn enn einn karlrembaflokkurinn í viðbót.

Þjóðin bíður þess nú í ofvæni hvernig

stuðningsmenn atvinnuleysis bregðast við undirskriftasöfnun Samhyggðar.

NATÓ & HERINN

Samkvæmt skoðanakönnun sem Ólafur Harðarson stjórnmálafræðingur gerði fyrir Öryggismálanefnd er meirihluti kjósenda fylgjandi aðild Íslands að Nató og veru hersins. Auk þess eru $\frac{2}{3}$ hlynntir því að Bandaríkjamenn verði látnir greiða gjald fyrir að fá að hafa herstöð á Íslandi.



Finansminister Albert Guðmundsson með sin hund Lucy, sem hann heldur í höndum sínum.

Minister straffes for sin hundeglæde

Har í 12 ár trodset forbud mod hunde i Reykjavík

REYKJAVÍK (RB) — Íslands finansminister, sem í meira end 12 ár har trodset et forbud mod at holde hund i hovedstaden Reykjavík, skal nu for retten. Sagen om ham og hans hund Lucy er genstand for interesse over hele den hundeglæde del af verden.

Finansminister Albert Guðmundsson har tidligere afvist

tilbud om at få sagen bragt ud af verden med en bøde på 2200 danske kroner. Derfor rejstes der nu straffesag mod ministeren.

Det er ikke enestående, at sager om hundehold behandles ved islandske ret. Sidste år var der 61 sager om folk, der holdt hund i Reykjavík. Sagerne førte til aflivning af 26 hunde, og adskillige af ejerne

har foretrukket at afsone deres straf i fængsel fremfor at betale en bøde.

Baggrunden for forbudet mod at holde hund i Reykjavík er, at landets hunde i begyndelsen af århundredet ofte var smittebærere af den frygtede sygdom blæreorm. Hundehold har derfor været forbudt siden 1924.

HUNDAR

Í byrjun júlí voru samþykktar nýjar reglur um hundahald í Reykjavík og er það leyft gegn vissum skilyrðum. Eiganda hunds er gert skylt að greiða 4-5000 krónur íslenskar á ári. Eftir fjögur ár skulu Reykvíkingar greiða atkvæði um hundahald. Um svipað leyti og reglurnar voru samþykktar greiddi Albert Guðmundsson fjármálaráðherra 6.500 króna sekt fyrir að halda hund. Það er kannski að bera í bakkafullan lækinn að tala um hundamálið hér, því að lengi hafa svo til einu fréttirnar sem dönsk blöð hafa birt frá Íslandi verið um hunda.

Tuttugasta og þriðja júní trónaði þessi frétt

um Albert og Lucy efst á meðal erlendra fréttu í Politiken. Þar segir m.a.:

»Det er ikke enestående, at sager om hundehold behandles ved islandske ret. Sidste år var der 61 sager om folk, der holdt hund i Reykjavik. Sagerne førte til aflivning af 26 hunde, og adskillige af ejerne har foretrukket at afsone deres straf i fængsel fremfor at betale en bøde«.

Hérna eru tvær alvarlegar villur. Eftir upplýsingum fulltrúa lögreglustjóra er það rétt að skráð eru 26 dráp á hundum í Rvík. árið 1983. Með aðeins einni undantekningu (hundurinn á Framnesveginum) voru hundarnir drepnir að beiðni eigenda. Hundaeigendur gripu til þessa ráðs til að sleppa undan sektum. Það er óþekkt að hundar séu »dæmdir til dauða« eins og blaðið gefur í skyn.

Á Politiken er líka helzt að skilja að margir hundaeigendur hafi verið fangelsaðir. Jón Thors í dómsmálaráðuneytinu sagði mér að menn fengju aðeins að sitja af sér sektina ef þeir gætu sannað að þeir gætu ekki borgað. Í fyrra gerðist það fyrir misskilning að kona sem neitaði að borga var sett í fangelsi. Mistökin voru leiðrétt þegar konan hafði setið inni í tvo daga.

ÁLSAMNINGAR

Snemma í september voru samþykkt drög að samningum við Alusuisse og snúast þeir um nýtt raforkuverð að upphæð tæp 15 mill. Gert er ráð fyrir því að verðið sveiflist milli 12,5 og 18 milla með álverði. Fýrri ári var verðið 9,5 mill (skv bráðabirgðasamkomulagi).

Einnig var samið um verulega stækkun verksmiðjunnar. Verðið til nýju verksmiðjunnar verður 18-20 mill.

KRÖFLUGOS

Fimmta september hófst kröftugt gos í Kröflu og stóð það enn þegar blaðið fór í prentun. Fyrsta sólarhringinn gaus úr 9 km. langri sprungu. Mannvirki eru ekki í hættu. Daginn áður en umbrotin hófust var haldið uppá það að önnur aflvél Kröfluvirkjunar snerist í fyrsta sinn fyrir fullu afli (30 megavött).

ÍPRÓTTIR

Akurnesingar urðu bæði Íslandsmeistarar og bikarmeistarar í knattspyrnu í ár. Íslendingar urðu í 6. sæti í handboltakeppni Ólympíuleikanna og komast því A-riðil heimsmeistarakeppninnar. Einar Vilhjálmsson komst í úrslit í spjótkesti, en hlaut ekki verðlaun. Hins vegar hlaut Bjarni nokkur Friðriksson bronsverðlaun

í sínum pyngdarflokki í júdo. Hinir Íslendingarnir sem tóku þátt í leikunum urðu flestir frekar aftarlega. Nokkrir lýstu óánægju með frammistöðu íslensku keppendanna, m.a. Sveinn Björnsson forseti Í.S.Í. Ég held hins vegar að maður verði að taka undir orð eins vinar míns (hann er næstum því eins lítill íþróttamaður og ég), sem hann mælti þegar

við vorum eitt sinn sem oftast að horfa á sjónvarp frá Ólympíuleikunum: »Annars er maður náttúrulega engu betri sjálfur.«

Prettánda september unnu Íslendingar Walesbúa með einu marki gegn engu í knattspyrnuleik á Laugardalsvelli. Eftir að markið var skorað þurfti að stöðva leikinn um tíma vegna fagnaðarláta áhorfenda. *Siggi*

Aðalfundur F.í.n.K.

Aðalfundur F.í.n.K. fyrir árið 1984 verður haldinn í veitingasal Jónshúss miðvikudaginn 24 október kl. 20.00.

Þar verða tekin fyrir öll venjuleg aðalfundarstörf sem í stórum dráttum eru:

- 1) Skýrsla stjórnar
- 2) Reikningar síðasta starfsárs.
- 3) Kosningar til stjórnar og annarra trúnaðarstarfa á vegum félagsins.
- 4) Önnur mál.

Skorað er á félagana að mæta á aðalfund og taka þátt í að móta starfsemi félagsins á komandi starfsári, svo og að taka þátt í þeim

störfum sem vinna þarf, ef félagið á að halda höfði í framtíðinni.

Þeim sem eru nýkomir til borgarinnar, er bent á að virk þátttaka í félagsstörfum gerir mönnum kleift að kynnast fólki og umhverfinu fyrir en ella.

Að lokum skal bent á að það er venja að FÍNK bjóði léttar veitingar í fljótandi formi að loknum aðalfundarstörfum, og gefst fundarmönnum því kostur á afslöppuðum umræðum yfir tári, þegar fundurinn er afstaðinn.

Mætið vel.
Stjórnin

Helgarpósturinn í Kaupmannahöfn!

Fréttapóstur — Viðtöl — Listagagnrýni
Mataruppskriftir og margt fleira.

Nú geturðu keypt Helgarpóstinn í Jónshúsi
eða kynningaráraskrift í 3 mánuði á
aðeins kr. 138.00



Helgarpóstur/áskrift í síma 01-57 57 03

Frá bókasafni Íslendinga í Kaupmannahöfn

Fyrsti útlándsdagur bókasafnsins að loknu sumarleyfi var sunnudagurinn 16. sept. Safnið verður opið á sunnudögum kl. 16.00-18.00.

Síðastliðinn vetur var unnið að ýmsum lagfæringum á safninu, m. a. var ljósabúnaður endurbættur til muna og safnið var endurskipulagt að nokkru. Enn er margt sem betur mætti fara, og hægt og sígandi verður unnið að því að koma safninu í viðunandi horf.

Í haufst verða teknir í notkun nýir útlánsseðlar og útlándsskírteini, og enn um sinn verður sama fyrirkomulag og áður viðhaft varðandi tryggingargjald við fyrsta útlán (40.- danskar

krónur). Þetta tryggingargjald er endurkræft, hvenær sem lánþegi óskar, og hann getur framvísað kvittun fyrir greiðslu gjaldsins, og að því tilskyldu, að hann hafi skilað öllum bókum, sem hann hefur fengið að láni, óskemmdum. Öll störf sem unnin eru í þágu safnsins, eru unnin endurgjaldslaust af áhuga-fólki um bókasafnið. Umsjón með safninu hefur Kristín Oddsdóttir Bonde, bókasafnsfræðingur, en útlán annast Bergljót Ragnars, Elín Brynjólfssdóttir, Guðrún S. Jakobsdóttir og Sigrún J. Brunhede.

K.O.B.

Nýkomnar bækur:

LANGAFI DRULLUMALLAR EFTIR SIGRÚNU ELDJÁRN.

Útg. Íðunn. Bráðsmellin mynda- og sögubók um Önnu litlu og Jakob, hundinn hennar. Langafi er mikill vinur hennar, en skemmtilegast af öllu er þegar hann fer að hjálpa henni að drullumalla.

LITLA RAUDA RÚMIÐ EFTIR ÁSLAUGU ÓLAFSDÓTTUR,

með myndum eftir Ragnhildi Ragnarsdóttur. Útg. Mál og menning.

Ása vill ekki sofa í rúminu sínu, það er miklu betra að sofa á milli pabba og mömmu. En þá kemur Pési og vill fá að sofa í rúminu.

SARA EFTIR KERSTIN THORVALL.

Monica Schultz myndskreytti. Þorgerður Sigurðardóttir íslenskaði. Útg. Æskan. (Stórt brot.) Hlýleg, fyndin og litskrúðug bók um hina skopvísu 5 ára Söru.

DAGUR BARNANNA Í ÓLÁTAGARÐI EFTIR ASTRID LINDGREN,

í þýðingu Þuríðar Baxter. Útg. Mál og menning. Segir frá því, þegar öll börnin ætluðu að skemmta henni Stínu litlu, systur Óla. En það reyndist ekki eins auðvelt og þau héldu.

BÖRNIN Á HVUTTAHÓLUM KOMA Í BÆINN EFTIR MAURI KUNNAS.

Álfhildur Álfþórsdóttir íslenskaði. Útg. Íðunn. (Stórt brot.) Saga frá Finnlandi, um Elsu og Kalla sem fara í fyrsta skipti í heimsókn til bæjarins og kynnast mörgu kostulegu.

HVAÐ VARD UM EINAR ÆRSLABELG? EFTIR GUNILLA BERGSTRÖM.

Sigrún Árnadóttir þýddi. Útg. Mál og menning. Allir krakkar þekkja Einar Áskel. Skyldi hann vera steinhættur að láta illa?

GUÐMUNDUR HREINN MED GULL Í NÖGL EFTIR VÉSTEIN LÚDVÍKSSON.

Robert Guillemette teiknaði myndirnar. Útg. Mál og menning. (Stórt brot.)

Sagan af Hreini sem fæddist undir Dimmubjörgum & í Ljósalandi hjá góðum foreldrum en lenti í miklum ævintýrum.

HIN FJÖGUR FRÆKNU OG F-SPRENGJAN, og

HIN FJÖGUR FRÆKNU OG

HVÍTHATTAKLÍKAN,

eftir Georges Chaulet og Francois Craenhals. Jón B. Guðlaugsson íslenskaði. Útg. Íðunn. (Stórt brot.)

Hin fjögur fræknu eiga í þessum 2 bókum í höggi við prófessor Gaukalin og hina voðalegu F-sprengju, svo ekki sé minnst á harðsvíraða mafiubófana með hvítu hattana.

KARL BLÓMKVIST Í HÆTTU STADDUR EFTIR ASTRID LINDGREN.

Þorleifur Hauksson þýddi. Útg. Mál og menning. Önnur bókin um leynilögreglumannin Karl Blómkvist. Spennandi saga um rósastríðið sem verður alvöruþungið. Þegar Eva Lotta finnur mann í runnunum.

TÓBÍAS OG TINNA EFTIR MAGNEU FRÁ KLEIFUM.

Útg. Íðunn. Tóbías er bara fimm ára og á heima í háhýsi í Reykjavík. Honum leiðist oft, en þegar hann kynnist Tinnu, sem er fjörug stelpa, gerist margt sem gaman er að.

FÚFÚ OG FJALLAKRÍLIN EFTIR ÍÐUNNI STEINSDÓTTUR.

Útg. Bókhlaðan. Ævintýrleg bók sem hentar vel börnum á aldrinum 6-10 ára og foreldrum á öllum aldri.

**KNÁIR KRAKKAR EFTIR IDUNNI
STEINSDÓTTUR.**

Útg. Bókhlaðan. Viðburðarík og spennandi bók ætluð börnum á aldrinum 8-12 ára.

**ÓLI OG GEIRI EFTIR INDRÍÐA
ÚLFSSON.**

Útg. Skjaldborg. Ætluð börnum sem eru að byrja að lesa. Aðalsöguhetjurnar eru Óli og Geiri, en Óli ræðst í sumarvinnu til Áka kaupmanns og lendir í ýmsum ævintýrum.

**LOKSINS KOM LITLI BRÓÐIR EFTIR
GUÐJÓN SVEINSSON.**

Myndir eftir Sigrúnu Eldjárn. Útg. Skjaldborg. Sagan gerist í sjávarþorpi og segir frá lífi fjölskyldunnar í Höll. Aðalsöguhetjurnar eru systurnar Ösp og Alda. Afi og amma í sveitinni koma líka við sögu, og loksins fæðist svo litli bróðir.

**HILDUR OG ÆVINTÝRIN HENNA
EFTIR ERLING DAVÍDSSON.**

Myndir eftir Kristinn G. Jóhannson. Útg. Skjaldborg. Sagan um Hildi litlu, fimm ára, sem fer í skoðunarferð með afa sínum út í náttúruna. Hún spyr og spyr, eins og barna er háttur og afi leysir úr öllum spurningum.

KAPPLAUPID EFTIR KÅRE HOLT.

Sigurður Gunnarsson þýddi og endursagði. Útg. Æskan. Spennandi skáldsaga þar sem að nokkru er stuðst við heimildir um afreksferðir Ammundsens og Scotts til Suðurskautsins.

**FJÓRTÁN... BRÁÐUM FIMMTÁN EFTIR
ANDRÉS INDRÍÐASON.**

Útg. Mál og menning. Skemmtileg saga um unglinga í Reykjavík — og reyndar víðar, því söguhetjan, Elías, kynnist æðislegri stelpu af Skaganum með ófyrirsjáalegum afleiðingum.

**ÞAR SEM DJÖFLAEYJAN RÍS EFTIR
EINAR KÁRASON.**

Útg. Mál og menning. Sagan gerist í braggahverfi í Reykjavík einkum á árunum upp úr 1950.

**VÍK MILLI VINA EFTIR ÓLAF HAUK
SÍMONARSON.**

Útg. Mál og menning. Segir frá hópi fólks sem komið er á fertugsaldur en hefur haldið saman síðan á námsárunum. Harkalegt uppgjör við 68 kynslóðina.

— Fleiri bækur eru væntanlegar —

Um list

Listamaður er skapari fagurra hluta.

Það er markmið listar að opinbera list, en fela listamanninn sjálfan.

Gagnrýnandi er sá, sem tjáð getur með nýjum hætti, eða í nýju eini, skilning sinn á því, sem er fagurt.

Æðsta gagnrýni og hin vesælasta, eru hvort tveggja með vissum hætti sjálfstjanning.

Peir, sem fagrir hlutir vekja ófagrar hugsanir, eru siðspilltir, án þess að vera töfrandi. Slíkt er löstur.

Peir, sem fagrir hlutir vekja aðeins fagrar hugsanir, eru siðmenntaðir menn. Um þá er von.

Peir eru úrvalið, sem fagrir hlutir tákna aðeins fegurð.

Hugmyndin góð bók, eða slæm bók, er fjarstæða. Bækur eru vel ritaðar, eða illa ritaðar. Það er allt og sumt.

Óbeit nítjándu aldarinnar á raunsæi er ofsi mannætunnar, sem sér sjálfa sig í spegli.

Óbeit hennar á rómantík er ofsi mannaætunnar, sem ekki sér sjálfa sig, er hún lítur í spegil.

Siferðilegt líf mannsins er efniviður listamannsins, en siðgæði listarinnar er fólgið í

fullkomminni notkun ófullkominna tækja. Listamaður óskar aldrei að sanna neitt. Jafnvel sannleikann sjálfan má sanna.

Samúð listamanns er aldrei háð siðferðilegum sjónarmiðum. Siðferðilega háð samúð hans yrði jafnan ófyrirgefalegur andælis-háttur í stíl.

Listamaður er aldrei klúr. Það er af því, að hann getur tjáð, hvað sem er.

Hugsun og mál eru listamanninum tæki til listköpunar. Löstur og dyggð eru honum efniviður í list.

Frá sjónarmiði formsins er tónlistin list allra lista. Frá sjónarmiði tilfinninganna er list leikarans æðst.

Það er áhorfandinn, ekki lífið sjálf, sem listin endurspeglar í raun og veru. Ágreiningur um listaverk sýnir að listaverklið er nýtt, fjölþætt og lífsprungið. Þegar gagnrýnendurnir deila, er listamaðurinn í samhljóðan við sjálfan sig.

Vér fyrirgefum manni það að búa til nyt saman hlut, svo lengi, sem hann tekur ekki að dást að honnum. Eina afsökun þeirra, sem búa til gagnslausa hluti, er sú, að þeir dái þá takmarkalaust.

Öll list er vita gagnlaus.

Oscar Wilde

SÍDS — Félag Íslendinga á Norðurlöndum

Fræðslugrein til fyrirmyndar

Inngangur. Í þessari grein er ætlunin að kynna SÍDS fyrir lesendum Þórhildar. Mikið bar á umræðum, og þá aðallega deilum, um SÍDS hér í Kaupmannahöfn á síðasta ári. Kom í ljós að mikið vantaði á að fólk gæti fylgst með, þar sem það vissi afskaplega lítið um SÍDS. Skál nú reynt að bæta úr því að einhverju leyti.

Hvað er SÍDS? Eitt svar við þessari nokkuð algengu spurningu gæti verið: Það er stærsta félag Íslendinga starfandi á erlendri grund. Að öllum fjölskyldumeðlimum meðtöldum, telur það u.p.b. 8000 manns. Þessari spurningu er hægt að svara mun ýtarlegar, t.d. með tilliti til tilurðar, uppbyggingar og markmiða, leiða, árangurs og framtíðar þess, og er ætlunin að reyna það í stuttu máli. Hér í þessu blaði Íslendinga í Kaupmannahöfn verður eðlilega einnig vikið að hlut þeirra í ofangreindu félagi.

Ástæður upphafs og forsendur. SÍDS var stofnað 1. maí 1976 og er því orðið rúmlega átta ára. Ekki er það hár aldur en miklum proska hefur félagið tekið á þessum stutta tíma. Upphaflega var þetta Samband Íslendinga- og námsmannafélaga í Danmörku og Suður- Svíþjóð, og er skammstöfunin SÍDS þaðan komin. Stofnfélög voru starfandi Íslendingafélög í Álaborg, Árósum, Kaupmannahöfn, Óðinsvéum og Lundi ásamt Félagi íslenskra námsmanna í Kaupmannahöfn (FínK). Markmið sambandsins var að starfa að sameiginlegum hagsmunamálum félaganna. Hafði fólk þá einkunn tvennt í huga: 1) Að nýta sér þau réttindi, sem hin almenna löggjöf veitir félagasamtökum, einkum hvað varðar hópferðir alls konar; 2) Og að stærri hópar hafa oft betri möguleika til að ná hagstæðari samningum í hópflutninga hverju sinni. Réttindi þessi eru líklega ekki síður til komin vegna þrýstings frá fyrirtækjum (fólksflutningafyrirtækjum) en félagasamtök. Hvað varðar flugferðir, þá fela þessi réttindi í sér að félagasamtök geta skipulagt leiguferðir fyrir meðlimi sína, með ákveðnum takmörkunum þó: Aðalmarkmið félagsins má ekki vera að standa fyrir flugferðum, það má ekki selja ferðirnar á almennum markaði né heldur hafa fleiri en 20 þúsund meðlimi, auk þess verður hver meðlimur/farþegi að hafa verið 6 mánuði í félaginu. Hér má staldra við og spyrja: En er það ekki einmitt aðalmarkmið SÍDS að standa fyrir flugferðum? Svarið er margþætt. Í fyrsta lagi er eitt af aðalmarkmiðum SÍDS að koma Íslendingum heim til Íslands (og til baka) á

sem ódýrastan og hagkvæmastaan hátt. Í öðru lagi er það menningarstarf að auka tengsl Íslendinga hér í Skandinavíu sem mest við Ísland, hvort sem um er að ræða námsmenn, sem dvelja hér tímabundið, eða aðra Íslendinga, sem eru hér langdvölum vegna fjöldkyldu- ástæðna eða atvinnu. Af þessu leiðir að þetta eru ekki túristaflutningar. Í þriðja lagi er þetta ekki gert í ágóðaskyni, en það er einmitt aðalhugsunin á bak við fyrrnefnda klásúlu hvað varðar aðalmarkmiðið í leiguflugsreglunum. Sú staðreynd að SÍDS beinir atorku sinni (við uppfyllingu markmiðanna) m.a. að flugferðum stafar eingöngu af legu Íslands. Væri ekki um eyju að ræða væri SÍDS sjálfsagt önnur kafið við skipulagningu rútuferða! Og í fjórða lagi eru tengslin við Ísland (í formi meðlimsferða) ekki eina markmið félagsins. Svo við víkjum aftur að flugreglunum, þá er rétt að benda á að þær eru báðum aðilum til hagsbóta. Flutningsfyrirtækið fær stóran hóp af fólki án þess að hafa fyrir því í formi auglýsinga eða annarra kostnaðarsamra aðgerða. Auk þess þarf það eingöngu að leggja fram lágmarkspjónustu. Félagsskapurinn fær ódýrasta flutningsmáta, sem hægt er að fá, þar sem flutningurinn er seldur á lágmarksverði, vegna lítills kostnaðar og mikillar sjálfbæravinnu félagsmanna. Enginn tapar, allir *spara* (sem ekki er það sama og að *græða*).

Uppbygging og gerð. Í upphafi var SÍDS samband félaga, en á ársþinginu 1980 var tekið upp nýtt form og sambandinu breytt í félag einstaklinga og það gert að sjálfseignarstofnum. Og þar sem aðildarfélögin voru nú dreifð um alla Skandinavíu var nafninu breytt í SÍDS — Félag Íslendinga á Norðurlöndum. Skammstöfuninni var haldið, þar sem hún var orðin þekkt og fer vel í munni (FÍN hljómar svo sem líka ágætlega!). Það yrði of langt mál að fara nákvæmlega í allar þær skipulagsaðgerðir og lagabreytingar, sem eðlilega verða í byrjunarsögu svona félags, heldur skal hér skýrð uppbygging félagsins eins og hún er núna, kryddað með tilvitnunum í lagagreinar.

Sérhver meðlimur SÍDS tilheyrir sjálfkrafa einhverri deild þess, sem eru 18 talsins. Í reynd samsvarar hver og ein deild einu Íslendinga- (eða námsmanna-) félagi, þótt það sé alls ekki nauðsynlegt. Deildirnar radast í svæði eftir legu og fjölda meðlima. Hér gefur að líta skiptinguna í svæði, og staðsetningu deilda á hverju svæði:

TAFLA 1. SÍDS – Uppbygging.

Svæði	Deildir
V-Danmörk	Álaborg, Árórsar, Horsens, Óðinsvé, Sønderborg
A-Danmörk	Kaupmannahöfn
S-Svíþjóð	Lundur, Málmey
V-Svíþjóð	Gautaborg (3 deildir), Jönköping
N-Svíþjóð	Stokkhólmur, Uppsälir
Noregur	Bergen, Osló (2 deildir), Stavanger

Sjá mynd bls. 30.

Þess ber að geta að í A-Danmörku voru til skamms tíma 2 deildir, eða þar til Íslendingafélagið í Kaupmannahöfn ákvað á sögulegum aðalfundi síðastliðinn október að fella niður sína SÍDS-deild (með 17 athvæðum á móti 14!). Hver deild hefur sína deildarstjórn sem oftast er sú sama og viðkomandi félagsstjórn. Deildarstjórnirnar velja fulltrúa (1 eða fleiri) í svæðisstjórn, sem sér um að framfylgja málum síns svæðis gagnvart aðalstjórn SÍDS, sem og að vinna að verkefnum tengdum svæðinu. Í aðalstjórn sitja því sex fulltrúar. Þeir sitja 2 ár í stjórninni og skiptast 3 út á hverju ári. Aðalstjórn er málsvari félagsins í menningar- og félagsmálum sem og hagsmunamálum og sér um skipulagningu og samningagerð þar að lútandi. Hún á að vinna að auknum tengslum milli deilda og svæða félagsins, í formi upplýsingastreymis og samstarfs. Útdeilir hún m.a. styrkjum úr menningarsamskiptasjóði SÍDS í því augnamiði. Auk þess sér hún um bókhaldið og almennt skipulag á daglegum rekstri félagsins. Aðalstjórnin hefur náð samstarf við svæðisstjórnirnar sex, þar sem hver aðalstjórnarmanna getur leitað ráða og stuðnings hjá sínum félögum í svæðisstjórn. Og til að deildarstjórnirnar geti fylgst reglulega með, hefur hver deild tengilið, sem fær allar fundargerðir og önnur stjórnarplögg. Venjulega sitja tengiliðirnar í deildar- og/eda félagsstjórnunum. Loks er rétt að leggja áherslu á að æðsta vald félagsins er ekki í höndum aðalstjórnar, heldur fer ársþing félagsins með það eins og vera ber. Aðalstjórn skal aðeins gera það sem ársþing segir til um í ályktunum sínum og erindisbréfi til stjórnarinnar. Skipan ársþings er þannig, að hvert svæði sendir einn fulltrúa frá hverri deild, þó ekki fleiri en þrjá. Eins og staðan er í dag, gerir þetta 15 fulltrúa, (sjá töfluna að framan). Við þetta bætast 10 fulltrúar, sem skiptast milli deilda. Sú skipting fer eftir svokallaðri virkni félagsins, en hún er annars vegar reiknuð út frá fjölda meðlima í hverri deild og hins vegar þátttöku í ferðum á vegum SÍDS, og er vægið á milli þessarra tveggja þátta $\frac{1}{3}$ á móti $\frac{2}{3}$. Þykir þetta vera

hvað réttlátust skipting, þar sem bæði er tekið tillit til fjölda í hverri deild sem og þátttöku deildanna í fluginu, en talsverður hluti af þeim tekjuafgangi, sem situr eftir við uppgjör ársreikninga er tilkominn vegna flugferðanna. Þeim tekjuafgangi er síðan skipt á ársþinginu á milli deildanna. Víkjum að því síðar.

Leiðir að markmiðum og árangur þeirra. Hér á undan hefur verið komið inn á markmið félagsins og að nokkru leyti leiðir að því markmiði. Hér skal farið nánar í saumana og bent á árangurinn. Fyrst er að vitna í grein 2.1 í lögum SÍDS: »Markmið félagsins er að vinna að auknum menningarsamskiptum Íslendinga á Norðurlöndum og auka tengsl þeirra við Ísland og íslensk málefni«.

Þessu markmiði SÍDS er reynt að ná á eftirtalinn hátt:

- 1) Hagkvæmar og ódýrar ferðir til Íslands.
- 2) Efling á félags- og menningarstarfi deilda félagsins.
- 3) Efling á samstarfi milli deilda félagsins á sviði menningar- og félagsmála sem og aukin tengsl við íslenska menningu.

Hér á eftir tek ég hvern þátt fyrir sig.

1) Í töflu tvö má sjá svart á hvítu árangurinn af starfi SÍDS í flugmálunum. Þar er sýnt það verð, sem var á áætlunarferðum fyrir 1976 á vegum Íslendingafélagsins í Kaupmannahöfn (ÍslKhöfn) og síðan eftir 1976 á vegum SÍDS fyrir bæði áætlunarferðir og leigu-eða sérferðir. Tekið hefur verið mið af verðbólgunni og verðið fært fram til verðlagsins árið 1983. Í síðasta dálknum sést síðan munurinn. Hann hefur aldrei verið undir 500 krónum og farið upp í 1450 DKr.! Takið þennan munur fyrir hvert ár og margfaldið með þeim fjölda, sem fór í leigu-eða sérferðirnar hvert ár, (sjá töflu 3, dálk 6) og þá fáid þið þá upphæð, sem viðkomandi hópur hefur *sparað* sér það skiptið (dragið 10 % frá, þar sem börn greiða yfirleitt helmingi minna og eru ca. 20 % af fjölda farþega). Það fást þannig töluverðar fjárhæðir, ekki satt! Sem dæmi þá fóru um síðustu jól 198 manns með leiguferð. Munurinn var 1020 kr. Það gerir ca. 180 þúsund, sem sá hópur af SÍDS-meðlimum sparaði sér þau jólin. Og hver fjölskylda sparaði sér a.m.k. 2000 kr. Það munar um minna. Og víst er að margir þeirra, sem fóru heim þau jólin hefðu ekki farið, ef ekki hefði verið fyrir þessa ferð. Og veit ég um þó nokkra, sem ekki fóru, þar sem það seldist upp á skömmum tíma í leiguferðina og áætlunarferðirnar of dýrar. Og auðvitað missir flugfélagið, sem er með áætlun-

TAFLA 2. Verð fyrir einn fullorðinn: Kaupmannahöfn — Keflavík (tur/retur). Tekið er mið af verðbólgunni og verðið fært fram til verðlagsins árið 1983.

Ár	Önn	Áætlunar-ferðir	Leigu/sérferðir	Munar	Félag
1972	S	2.930 F	—	—	ÍslKhöfn.
	J	2.930 F	—	—	ÍslKhöfn.
1973	S	2.810 F	—	—	ÍslKhöfn.
	J	2.810 F	—	—	ÍslKhöfn.
1974	S	2.490 F	—	—	ÍslKhöfn.
	J	2.490 F	—	—	ÍslKhöfn.
1975	S	2.550 F	—	—	ÍslKhöfn.
	J	2.660 F	—	—	ÍslKhöfn Køb.
1976	S	—	—	—	—
	J	2.690 F	1.460 F	1.230	SÍDS
1977	S	2.520 F	—	—	SÍDS
	J	2.660 F	1.850 F	810	SÍDS
1978	S	2.810 F	1.580 A	1.230	SÍDS
	J	2.810 F	1.665 F	1.145	SÍDS

Ár	Önn	Áætlunar-ferðir	Leigu/sérferðir	Munar	Félag
1979	S	2.680 F	1.320 F	1.360	SÍDS
	J	3.140 F	2.270 St	870	SÍDS
1980	S	3.270 F	2.290 M	1.080	SÍDS
	J	2.575 F	—	—	SÍDS
1981	S	3.245 F	2.480 F	765	SÍDS
	J	2.450 F	—	—	SÍDS
1982	S	3.585 F	2.130 M	1.453	SÍDS
	J	s.705 F	—	—	SÍDS
1983	S	2.740 F	2.000 F	740	SÍDS
	J	2.700 F	1.680 S	1.020	SÍDS
1984	S	2.785 F	2.200 F	585	SÍDS
	J	2.500 F	2.000 F	500	SÍDS

S = sumar, J = júl, F = Flugleiðir, A = Arnarflug, St. = Sterling Airways, M = Maerks Air, SAS = SAS; Innifalið í sérferðum eru næturferðir sumarið 1981. C.I. og rauðar apex eru venjulega 3ja mánaða miðar. Leiguferðir/sérferðir eru 2ja — 4ra vikna ferðir.

arferðirnar, þ.e. Flugleiðir, af sömu upphæð, en ekki er það okkar höfuðverkur? Og því síður, þegar það vill ekki heldur fljúga leiguferðina og missir þar með einnig af þeirri peningaveltu (fargjald margfaldað með fjölda). Mér er spurn.

Í ofangreindri töflu nr. þrjú (þeim fjölgar ört) eru fleiri athyglisverðar tölur. Árin 1976-1980 fóru að meðaltali 1200 manns til Íslands. Á ársþinginu 1980 bættust við fjölmennar

deildir í Norður-Svíþjóð og Noregi, sem skýrir aukninguna upp í ca. 2000 á ári síðan þá. Auk þess má sjá skiptinguna í áætlunarferðir og leigu- eða sérferðir. Ég hef sett tölur yfir SÍDS-deild Íslendingafélagsins í Kaupmannahöfn með. Það er augljóst að meðlimir þeirrar deildar hafa verið hrifnir af ódýrum ferðum SÍDS. Auðveldast er að sjá það í síðasta dálkinum, þar sem reiknað er hlutfall þeirra, sem fóru í leigu- eða sérferðir af

TAFLA 3. Fjöldi meðlima SÍDS, sem farið hafa til Íslands á vegum félagsins síðan 1976.

Ár	Ferðaönn	Heildarfjöldi	Í áætlunarferðum		Í leigu/sérferðum		Hlutfall (%) leigu/sérferða	
			Alls	ÍslKhöfn	Alls	ÍslhKöfn	Alls	ÍslKhöfn
1976	Júl	376	249	116	127	78	34	40
1977	Sumar	474	474	388	—	—	—	—
	Júl	548	296	89	252	98	46	52
1978	Sumar	557	408	242	149	77	27	24
	Júl	663	265	103	398	119	60	54
1979	Sumar	814	339	170	475	217	58	56
	Júl	592	130	57	462	188	78	77
1980	Sumar	736	162	75	574	252	78	77
	Júl	410	410	98	—	—	—	—
1981	Sumar	706	245	28	461	146	65	84
	Júl	1.198	1.198	177	—	—	—	—
1982	Sumar	1.226	719	73	507	122	41	63
	Júl	—	—	—	—	—	—	—
1983	Sumar	955	845	—	110	—	12	—
	Júl	918	720	—	198	—	22	—

heildarfjöldi frá SÍDS-deild Íslendingafélagsins. Það er oft 50 % og ekki ósjaldan vel yfir 70 %. Til samanburðar er sýnt sama hlutfall meðal allra SÍDS-meðlimanna. Nóg um flug og ferðalög að sinni.

2) Efling á félags- og menningarstarfi hinna einstöku deilda hefur aðallega verið í formi fjármagns til þeirra, þ.e. með útdeilingu þess penings sem eftir situr að ársuppgjöri loknu. Fyrir hinar ýmsu deildir félagsins hefur þetta ekki skipt svo litlu máli, oft er þetta $\frac{1}{3}$ af tekjum deildarinnar eða meira. Og er ekki að efa þann stuðning, sem þetta veitir félagslífinu á hverjum stað, enda allt féð notað í félagsstarfsemi (s.s. böll, spilakvöld, bókmenntavökur, íþróttir ofl.). Til að gefa ykkur betri mynd af þessu hef ég dregið saman tölur yfir þetta fé í eftirfarandi töflu (í þúsundum króna):

TAFLA 4. Úthlutun til deilda SÍDS í þúsundum DKr.

Fjárhagsár	Allar SÍDS-deildir	SÍDS-deild ÍslKhöfn	SÍDS-deild FinKs
1977-78 ..	20.7	8.0	2.0
1978-79 ..	35.2	16.4	4.2
1979-80 ..	24.8	10.7	2.9
1980-81 ..	62.7	27.8	9.0
1981-82 ..	59.3	24.7	7.3
1982-83 ..	124.1	22.2	10.2
1983-84 ..	45.3	(3.0)	5.9
Í allt:	372.1	112.8	41.5
Meðaltal	53.2	18.3	5.9

Samtals hafa verið greidd rúm 372 þúsund til deildanna síðustu 7 árin, 53 þúsund að meðaltali á ári. Deildirnar fá mismikið, allt eftir stærð og virkni. Nærtækast er að sýna hlut SÍDS-deilda Íslendingafélagsins í Kaupmannahöfn og FÍNKs. Sú fyrrnefnda hefur fengið 18 þúsund og sú síðarnefnda 6 þúsund að meðaltali ár hvert 1977-1983. (Árið 1983-84 er SÍDS-deild Íslendingafélagsins ekki lengur til).

3) Árið 1980, þegar sambandinu var einnig breytt í félag, var einnig stofnaður sjóður, sem átti að efla félags- og menningartengsl á milli svæða og deilda félagsins semog við Íslands. Kallast sjóðurinn Menningarsamskiptasjóður og er ekki annað að sjá en að því hlutverki sínu hafi hann gegnt bærilega:

TAFLA 5. Úthlutanir úr Menningarsamskiptasjóði SÍDS 1980-1984. (DKr.)

1981:

1) Til menningarviku í Stokkhólmi vegna heimsóknar Vigdísar Finnbogadóttur forseta til Svíþjóðar	3.000
--	-------

2) Tónleikaferð Péturs Jónassonar gítarleikara um Skandinavíu	3.000
3) Tækjakaup íslenska útvarpsins í Málmei	2.500

1982:

4) Knattspyrnumót Íslendinga í Skandinavíu, Klakamótið	6.500
5) Ráðstefna móðurmálskennara íslenskra barna í Skandinavíu í Kaupmannahöfn, 1982 ..	6.500
6) Upplestrarferð þriggja rithöfundu um Danmörku og Svíþjóð	2.500

1983:

7) Þórhildur, blað Íslendinga í Kaupmannahöfn	1.500
8) FinK, vegna heimsóknar hljómsveitarinnar Egó á 90 ára afmælishátíðar félagsins	7.000
9) Til húss Íslendingafélagsins í Osló við Norrefjell	4.500
10) Íþróttamót Lundar, Kaupmannahafnar og Kagsá	500
11) Tónleikaferð Eddu Erlendsdóttur um N. Svíþjóð	1.000
12) Klakamótið 83 (Danmörk og S. & V. Svíþjóð)	3.000
13) Blað Íslendinga í Uppsölum, Codex Jón Rúgmenn	1.000
14) Fræðslumyndasafn Íslendingafélagsins í Málmei	2.000
15) Þing móðurmálskennara í Skandinavíu haldið í Gautaborg haustið 1983	5.000
16) Blað Íslendinga í Lundi, Kaktus	1.500
17) Blað Íslendinga í Óðinsvæum, Þuríður	1.500
18) Kvikmynd Ara Þorsteinssonar, Álaborg, um líf íslenskra námsmanna erlendis	1.800
18) Vegna 60 ára afmælishátíðar Íslendingafélagsins í Osló	6.200
19) Farandljósmnydasýning Þórarins Ó. Þórarinssonar	1.000


1984:

Leikfélag Mosfellssveitar vegna leikferðalags með »Saumastofuna« um Skandinavíu	5.000
21) Upplestrarferð Jóhanns Árelúzar um Skandinavíu	3.000
22) Móðurmálskennarar í Gautaborg til kaupa á barnabókum	1.800
23) Upplestrarferð Stefáns Snævarrs og Árna P. Jóhannssonar (Osló) til Kaupmannahafnar ..	700

Samtals

Greitt er eftir reikningum og hefur komið fyrir að fólk hafi ekki nýtt allan styrkinn og er ekki gert ráð fyrir því í þessari uppgötlun; enþó er styrkurinn nýttur til fulls í langflestum tilfellum. Hér er aðeins talin fyrsta úthlutun ársins 1984.)

Samtals hefur verið ráðstafað til 23 verkefna síðustu 4 árin. Þessi verkefni hafa verið afar margbreytileg að gerð, allt frá blaðaútgáfu (sem er oft nokkuð staðbundin), myndlistarsýningum, upplestrarferðum til heimsóknar tónlistarmanna frá Íslandi. Fé það, sem sett er í



Mynd 1. SÍDS — Félag Íslendinga á Norðurlöndum: Uppbygging.

sjóðinn, er annars vegar vextir af sjóðum og veltu SÍDS og hins vegar hluti af tekjuafgangi þeim sem talað var um hér að framan; hvort tveggja er ráðstafað á ársþingi. Styrkir þessir eru núna veittir þrisvar á ári: uppúr áramótum, að vori og að hausti. Eru auglýsingar eftir umsóknum sendar út til allra meðlima SÍDS með fréttu- og félagsblöðum þeirra félaga, sem deildirnar heyra undir. Er varla hægt að efast um mikilvægi sjóðsins í brád og lengd.

Þróun og framtíð. Á þeim sjö árum sem SÍDS hefur verið til hefur það verið í stöðugri þróun, bæði hvað varðar stærð og uppbyggingu: Frá því að vera einskorðað við syðri hluta Skandinavíu og upp í það að spanna hana alla. Í uppbyggingu hefur það breyst úr því að vera samband félaga yfir í félag einstaklinga. Skipulagið á starfsemi SÍDS hefur einnig verið í sífelldri þróun, vinnuálaginu verið dreift út til deildanna og undir stjórn aðalstjórnarinnar gengur kerfið ágætlega, þrátt fyrir stærð. Og eftir því sem árin líða, gerir fólk sér betur grein fyrir því hvað það er mikils virði að standa saman, að hafa eina stóra heild sem getur gert kröfur. Nú eru uppi hugmyndir um að SÍDS — Félag Íslendinga á Norðurlöndum — sé kjörinn vettvangur til að vinna að öðrum verkefnum en þeim, sem hafa verið tíunduð í

þessari grein. Hafa menn þar einkum í huga kosningarétt íslenskra ríkisborgara erlendis. Er þar æði misskiptur rétturinn, sýnist sumum. Námsmenn og læknar erlendis geta einir kosið til alþingis Íslendinga, aðrir verða að láta sér nægja að horfa eða hlusta á útvarpið. Og ekki mega þeir kjósa í dvalarlandinu ef þeir halda íslenska ríkisborgararéttinum. Margir eru því í reynd annars flokks borgarar að þessu leyti. Ársþing SÍDS samþykkti á síðasta ári ályktun til alþingis Íslendinga um að leiðrétta þetta óréttlæti hið fyrsta. En sennilega munu líða nokkur ár í viðbót áður en árangur næst. SÍDS ætti að vera kjörð tæki til áhrifa í þessu efni, ef menn hafa nægan áhuga. Ekki trúir ég því að félagar Íslendingafélagsins í Kaupmannahöfn vilji ekki taka þátt í þessu samstarfi.

Lokaorð. Ég vona að þessi »fáu orð« hafi skýrt nokkuð fyrir lesandanum hvað SÍDS er. Ég hef reynt að færa fram staðreyndir en hafa skal þó það er sannara reynist. Þessi grein er því alfarið á mína ábyrgð, þótt ég hafi gerst svo frægur að sitja tvö ár í stjórn SÍDS ekki alls fyrir löngu. Vil ég nota tækifærið og pakka öllum kærlega, sem ég átti samstarf við, bæði í blíðu og stríðu. Lífið heil.

Sighvatur Sævar Arnason

Varðandi efni í blaðið

Allar greinar og bréf eru á ábyrgð höfunda.

Þeir sem senda inn efni til birtingar verða að gefa upp bæði *nafn og heimilisfang*, og helst *síma* ef mögulegt er, svo hægt sé að lagfæra óljóst málfar, breyta eða stytta o.s.frv. í samráði við höfund. Ennfremur skal dulnefnis getið, sé þess óskað. Nafnlausar greinar (eða bréf) verða vitanlega ekki birtar.

Efnið þarf helst að vera vélritað, það sparar óhemju tíma fyrir okkur. Ekki þarf að nota íslenskt letur: hafið d í stað ð og setjið b ofan í p til að fá út þ; stórt Þ má gera með stóru púi og bæta við smástriki ofan á legginn. Ef þið komist ekki í ritvél, skrifið þá vel og sendið eina hvítvins-flösku með.

Allt efni er vel þegið. Munið að Þórhildur er opinn vettvangur fyrir alla Íslendinga hér í Kaupmannahöfn (og annars staðar frá) til að koma fram skoðunum á málefnum, birta smásögur og ljóð, segja fréttir og auglýsa (fyrirtæki borga, einstaklingar ekki enn sem komið er). Vissulega er plássið takmarkað, það fer meðal annars eftir auglýsingamagni, því fleiri auglýsingar, því stærra blað. Auglýsendur munu samt aldrei hafa áhrif á efni blaðsins, frekar minnkum við það. Að öðru leyti er efnið ekki ritskotið, fyrir utan klám og augljós meiðyrði.

Frá F.í.n.K

Þeir, sem ekki hafa greitt félagsgjöld síðasta starfsárs, hafa verið strikaðir út af félagalistunum og fá því ekki þetta vandaða blað. Hver er sinnar gæfu smiður? Þeir, sem voru búnir að borga, eru þó síður en svo sloppnir, því að von bráðar verða sendir út gíróseðlar fyrir *nýju* árgjaldi. Menn eru beðnir að bregðast skjótt við því án árgjalda verða engar veitingar á félagsfundum, engin skemmtileg böll í Teatersalen og á Eyrarsundsgarðinum, engar ódýrar flugferðir með SÍDS, engin Þórhildur og svo mætti lengi telja.

Hittumst heil á Rússagildinu og aðalfundinum. (eða heil á aðalfundinum og hálf á Rússasgildinu ef þið viljið).

Stjórnin

Úr listaheiminum

Sigríður Elfa Sigurðardóttir f. 16.1.1961 er ung listakona sem hóf nám við Escuá Massana í Barcelóna á Spáni nú í haust þar sem hún hyggst leggja stund á gerð steinglersmynda.

Prettán ára hélt hún sína fyrstu sýningu í Bókhöðunni á Akranesi og fékk þá mjög góða dóma.

Hún hefur myndskreytt blöð og tímarit og vann fyrir Stúdentaléikhúsið í Reykjavík sl. vetur.

Sigríður bjó ásamt fjölskyldu sinni í Mexico 1980-1982 þar sem hún fékkst við glerlist í eitt ár.

Hun myndskreytti »afkvæmi fjölskyldunnar«, bókina Undir Mexicomána.

Núna í október sýnir hún nokkur verka sinna í Jónshúsi.

Í nóvember sýnir María Kjarval myndverk sín í Jónshúsi. Nánar verður um það í næsta blaði.

**SKILAFRESTUR
FYRIR
NÆSTA TÖLUBLAÐ**

**mánudaginn
29. október**

Búslóðin heil í höfn

Pegar okkur er trúað fyrir stóru eða smáu innbúi til flutnings milli landa vitum við að góð ráðgjöf og vandvirkni í vinnubrögðum skiptir öllu máli.

Bækurnar, gamli stóllinn, fallega afmælisgjöfin, orgelið. . . allt á sína sögu og er fyrir eigandanum ómetanlegt til fjár.

Við leggjum því mikla áherslu á **öruggan og auðveldan** búslóðaflutning með

- hentugum gámum
- sérhönnuðum búslóðakössum fyrir viðkvæma vöru
- jöfnu flutningsgjaldi til helstu hafna landsins
- viðtækri heimsendingarþjónustu

en fyrst og fremst með **góðum ráðum og réttum handtökum.**

Hafið samband við næsta umboðsmann og leitið frekari upplýsinga.

Kaupmannahöfn	Horsens
DFDS A/S	DFDS Bech Spedition
Sankt Annæ Plads 30,	Havnen 43
1295 København K	8700 Horsens
Sími (01) 15 63 00	Sími (05) 62 54 44

Flutningur er okkar fag

EIMSKIP

Sími 27100



0083-E2

